



Skýrsla um innra mat Glerárskóla

2016 - 2017

Matsnefnd Glerárskóla

Aðalheiður Bragadóttir

Helga Thorarensen

Eyrún Skúladóttir/Helga Halldórsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Um Glerárskóla	5
Nemendur	6
Starfsmenn Glerárskóla	7
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	8
Aðgerðaráætlun fyrir matsnefnd Glerárskóla 2015-2019.....	9
Skólapúlsinn.....	10
Skólapúlsinn nemendur	10
Mats- og umbótarskýrslur starfsfólks.....	13
Mat á gæðagreiini 14.1 - Agastefna og samskipti	13
Umbótaáætlun gg, 14.1 - Jákvæður agi og samskipti.....	15
Mat á gæðagreiini 5.2 - Kennsla sem leiðir til árangursríks náms	16
Umbótaáætlun gg, 5.2 - Kennsla sem leiðir til árangursríks náms.....	17
Mat á gæðagreiini 5.4 - Mat í þágu náms/leiðsagnarmat.....	17
Umbótaáætlun gg, 5.4 - Kennsla sem leiðir til árangursríks námi	18
Mat á Gæðagreiini 11.8 – Árshátíð.....	18
Umbótaáætlun gg. 11.8 - árshátíð	20
Líðan nemenda – Olweus og Jákvæður agi.....	21
Tengsla og/eða líðankannanir – Olweus.....	21
Jákvæður agi	21
Umbætur:.....	22
Grenndarfræðsla og umhverfismál	23
Matsþættir og matstæki skólaárin 2016 – 2019.....	24
Áætlun um mat á skólastarfi 2016 – 2017.....	25
Símenntunaráætlun Glerárskóla 2016 - 2017.....	27
Lokaorð	28
Viðaukar.....	29

Viðauki 1	29
Viðauki 2	32
Viðauki 3	34
Viðauki 4	36
Viðauki 5	38
Viðauki 6	39

Inngangur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, kafla VII. grein 35. um marmkið með mati á skólastarfi, segir:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda*
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla*
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum*
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum*

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi og þar með markmið innra mats, er því að tryggja að starfsemi grunnskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla. Innra mati er ætlað, skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011, að auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á skv. lögnum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðuyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og umbætur enda segir í 36. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008:

*Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.*

Mikilvægt er að skólastarfinu sé vörðuð leið að þeim markmiðum sem aðalnámskrá og skólanámskrá segja til um. Með innra mati í Glerárskóla er unnið að því að endurskoða og meta skólastarfið jafnt og þétt og gera umbætur í framhaldi af því. Í aðalnámskrá grunnskóla segir til að mynda að markmið mats sé m.a.:

„...að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, Mennta –og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 29)

Matið þarf því að gefa upplýsingar um hverju þurfi að breyta eða bæta til að skólinn nái þeim markmiðum sem hann hefur sett sér í stefnu skólans. Með innra matinu er leitast við að auðvelda forgangsröðun þeirra verkefna og umbóta sem fyrir liggja og efla þá styrkleika sem fram koma í mati á skólastarfinu.

Í þessari skýrslu er fjallað um innra mat Glerárskóla og lögð fram aðgerðaáætlun fyrir næsta skólaár. Það er hópur um innra mat sem hefur umsjón með matsvinnunni. Í matsnefnd Glerárskóla fyrir skólaárið 2016 – 2017 sitja Aðalheiður Bragadóttir, Helga Thorarensen og Eyrún Skúladóttir sem sat í

nefndinni fram að áramótum en þá tók Helga Halldórsdóttir við. Yfirumsjón hefur Helga Halldórsdóttir.

Í skólanámskrá Glerárskóla almennum hluta er að finna upplýsingar um skólastarfið og nánari útfærslu á kennslutilhögun í bekkjarnámskrám <http://glerarskoli.is/nam-kennsla> Greint er frá helstu gögnum er skólinn hefur nýtt sér í matinu og meðfylgjandi er áætlun um innra mat skólans.

Skólaárið 2001-2002 fór fram úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans á vegum Menntamálaráðuneytisins. Úttektin leiddi í ljós að sjálfsmat skólans náði til allra helstu þátta skólastarfsins og stóðst þar með þau viðmið sem tilgreind eru í reglugerð um innra mat.

Haustið 2009 fór aftur fram úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans á vegum Menntamálaráðuneytisins. Úttektin leiddi í ljós að í Glerárskóla teljast sjálfsmatsaðferðir fullnægjandi og framkvæmd sjálfsmats fullnægjandi að hluta. Í athugasemdum kom fram að í heildina séð hafi skólinn gert vel en skerpa þurfi á vissum þáttum t.d. vantaði betri tengingu við skólanámskrá og í umbótaáætlun þurfi að koma fram skýrari viðmið um bættan árangur í einstökum þáttum.

Skólinn fékk ráðgjöf við innra mat sitt frá Háskólanum á Akureyri skólaárið 2010 – 2011. Þá var talið að innra mat Glerárskóla væri í góðum farvegi en bent á mikilvægi þess að gera markmið matsins sýnilegri í áætlunum, m.a. bent á að umfjöllun um innra mat vanti í skólanámskrá. Einnig er bent á að gera þurfi grein fyrir viðmiðum um árangur.

Á skólaárinu 2015-2016 tók matsnefnd skólans ákvörðun um að nota skoska sjálfsmatskerfið How Good Is Our School sem ber heitið Gæðagreinar í íslensku þýðingu. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Starfsfólk Glerárskóla fékk kynningu á Gæðagreinum í Ársskóla skólaárið 2014 -2015. Matsnefnd ákvað að fara hægt af stað við notkun Gæðagreina og voru 3 lykilþættir teknir fyrir á skólaárinu. En þeir eru: gg 3.1. þátttaka starfsfólks í starfi skólans, gg.11.7. þemadagar og gg. 11.8 árshátíð. Á skólaárinu 2016-2017 var ákveðið að meta aftur g.g. 11.8 um árshátíð, stöðu námsmatsvinnu gg. 5.2 og fjölbreyttni kennsluaðferða gg. 5.4. Jafnframt byggir innra mat skólans á niðurstöðum úr Skólapúlsi, á SVÓT könnunum, starfsmannakönnun Akureyrarbæjar, ánægjukönnun Öryggisráðs og skýrslum stýrihópa, teyma og kennara.

Um Glerárskóla

Glerárskóli er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. – 10. bekk. Árgangar eru ýmist tvær bekkjardeildir eða ein heild. Í 2. 6., 8. og 10. bekk er árgangurinn ein heild. Í 8. – 10. bekk eru einnig ýmsir námshópar í valgreinum. Nemendur í 1. – 7. bekk hafa sínar heimastofur en í 8. – 10. bekk fer

kennslan fram í faggreinastofum en nemendur hafa sína umsjónarstofu þar sem þeir hitta umsjónarkennara sinn reglulega.

Skólinn hefur aðgang að íþróttamannvirkjum í Íþróttamiðstöð Glerárskóla þar sem bæði er íþróttasalur og sundlaug og þangað er innangengt úr húsnæði skólans. Við skólann er starfrækt frístund (síðdegisvistun) fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Akureyrarbær rekur í skólanum félagsmiðstöðina Himnaríki fyrir unglunga og þar er opið tvö kvöld í viku. Mötuneyti er starfrækt í skólanum. Þar geta nemendur og starfsfólk keypt hádegisverð.

Skólasýn skólans byggir á og tengist þremur hugtökum, hugur – hönd – heilbrigði.

Árið 2016 flaggaði skólinn Grænfánanum í fimmta skipti en það verkefni er liður í að efla sjálfbæra þróun og umhverfismennt í anda skólasýnarinnar. Glerárskóli er Olweusarskóli og starfar í anda kenninga Dan Olweusar að því að bæta líðan og koma í veg fyrir einelti. Verkefnisstjóri Olweusar er Helga Halldórsdóttir deildarstjóri.

Skólinn starfar eftir hugmyndafræði uppeldisstefnunnar Jákvæður agi eða Positive Discipline. Skólanámskrá, starfsáætlun og námsáætlanir ásamt öðrum upplýsingum um skólastarfið má nálgast á heimasíðu skólans <http://www.glerarskoli.is>.

Skólinn gefur mánaðarlega út fréttabréf með helstu upplýsingum um skólastarfið og það sem framundan er í starfinu. Fréttabréfin eru birt á heimasíðu skólans.

Nemendur

Talsverð fækkun hefur orðið á nemendum Glerárskóla síðustu árin. Við upphaf skólaársins 2010-2011 voru nemendur í Glerárskóla 364. Haustið 2011 voru skráðir nemendur 339 en fækkun varð um 28 nemendur yfir skólaárið. Í maí 2017 eru nemendur skólans 311 talsins og skiptast þannig í bekkjardeildir:

1. bekkur 30 nemendur – tvær bekkjardeildir
2. bekkur 34 nemendur – tvær bekkjardeildir
3. bekkur 32 nemendur – tvær bekkjardeildir
4. bekkur 41 nemendur – tvær bekkjardeildir
5. bekkur 34 nemendur – tvær bekkjardeildir
6. bekkur 26 nemendur – ein bekkjardeild
7. bekkur 34 nemendur – tvær bekkjardeildir
8. bekkur 17 nemendur – ein bekkjardeild
9. bekkur 34 nemendur –tvær bekkjardeildir
10. bekkur 29 nemendur – ein bekkjardeild

Starfsmenn Glerárskóla

Skólaárið 2016 - 2017 eru starfandi 60 starfsmenn í Glerárskóla . Nánari upplýsingar um stöðugildi má sjá í starfsáætlun skólans. <http://glerarskoli.is/nam-kennsla/starfsaaetlun-glerarskola/>

Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi undanfarin ár. Allir kennarar skólans hafa kennsluréttindi.

Stjórn skólans skipa skólastjóri og tveir deildarstjórar. Einnig eru stigsstjórar á yngsta stigi, miðstigi og efsta stigi. Starfandi innan skólans eru stýrihópar eða ráð um: starfsmannahandbók, grenndar- og útikennslu, innleiðingu aðalnámskrár, forvarnir gegn einelti, læsi og uppeldisstefnuna Jákvæðan aga. Fastar nefndir/ráð í skólastarfinu eru nemendaverndarráð, matsnefnd, öryggisráð, áfallaráð, skólaráð og umhverfisnefnd. Innleiðingarverkefni skólaársins eru uppeldisstefnan Jákvæður agi, ný aðalnámskrá og nýtt námsmat og hafa stýrihópar veg og vanda af innleiðingunni í samráði við stjórnendur.

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Það er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð er skipað tveimur fulltrúum kennara, einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda, tveimur fulltrúum foreldra, einum fulltrúa hverfisnefndar og skólastjóra sem stýrir starfi ráðsins. Auk þess situr deildarstjóri (sem er staðgengill skólastjóra) fundina sem ritari. Ráðið fundar að jafnaði þrisvar á haustönn, fjórum sinnum á vorönn og oftár ef þurfa þykir.

Vinnufundir kennara eru að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði og starfsmannafundir einu sinni í mánuði. Auk þess er reglulega fundað á stigum, teymum og í stýrihópum.

Endur- og símenntun starfsmanna og starfsþróun. Leitast er við að fá fræðslu fyrir starfsfólk sem samræmist endurmenntunaráætlun skólans. <http://glerarskoli.is/nam-kennsla/starfsaaetlun-glerarskola/>. Akureyrarskólarnir hafa samning við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri sem sér þeim fyrir fjölbreyttri fræðslu og endurmenntun og eru Akureyrarskólarnir sérstaklega hvattir til að nýta sér þá fræðslu. MSHA hefur veg og vanda af eftirfylgni og menntun kennara í kennsluáðferðinni – Byrjendalæsi- en allir kennarar í 1. -3. bekk hafa hlotið menntun í áðferðinni. Kennarar í 3. – 7. bekk eru að taka þátt í starfsþróunarverkefninu Læsi til náms á vegum MSHA. Hópur kennara hefur sótt námskeiðið Hugleikur – samræða til náms á vegum MSHA. Þá hafa nokkrir kennarar sótt námskeiðið Forritarar framtíðarinnar. Starfsfólk skólans sækir jafnframt um í endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna sinna fyrir einstökum námskeiðum.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Skólanámskráin er grundvöllur innra mats skólans. Markmið með matinu er að fylgjast með því hversu vel skólinn nær þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Í Glerárskóla er leitast við að vinna að innra mati skólans á sem fjölbreyttastan hátt. Það er gert með því:

- að gera matsáætlun
- að nota mismunandi matstæki og ólíkar matsaðferðir
- að fá sem flesta í skólasamfélaginu til að taka þátt í matsvinnunni
- að vinna að umbótum í skólastarfinu

Að hluta til byggði skólinn sjálfsmat sitt á Gæðagreinum. Sjálfsmatslíkan þetta er skoskt að uppruna og byggir á áralangri þróun. Gæðagreinar 2 sem skólinn stefnir á að vinna eftir byggir á 9 lykilþáttum auk gæðagreina sem skólinn býr til og byggir á sérstöðu skólans. Þegar skólastarfið er metið með aðferðum gæðagreinnanna er auðvelt að átta sig á hvar svaranna við lykilsurningum um skólastarf er að leita. Gæðaramminn gefur skýra mynd af því hvaða matsþætti taka þarf til skoðunar í skólastarfinu þegar á þarf að halda. Annar styrkleiki matskerfissins er sá að auðvelt er að búa til nýja gæðagreina sem snúa að sérstöðu hvers skóla eða breyta viðmiðum um gæði í einstökum gæðagreinum til aðlögunar fyrir markmið skólastarfsins. Á heimasíðu Árskóla eru upplýsingar um Gæðagreina 2. <http://www.arskoli.is/is/moya/page/gaedagreinar-2>

Aðgerðaráætlun fyrir matsnefnd Glerárskóla 2015-2019

Skólaár	2015-2016	2016-2017	2017-2018	2018-2019
Haustönn	<ul style="list-style-type: none"> Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk í sept. Olweusarkönnun Lykilþáttur 11 (gg. 11.5) Lykilþáttur 11 (gg.11.7) Lykilþáttur 3(gg.3.1) 	<ul style="list-style-type: none"> Kynning á sjálfsmatsskýrslu Meta útvistardag Endurskoðaða matsáætlun Umbótaáætlun skólaársins Græfánahátíð metin Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk Rýmingaæfing metin Samræmd próf Olweusarkönnun Ánægjukönnun Smiðjudagur metinn Gæðagreinar um jákvæðan aga 	<ul style="list-style-type: none"> Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk Olweusarkönnun Umbótaáætlun Jákvæður agi Kennsluhættir Námsmat Framfarir Samræmd próf Gæðagreinar ánægjukönnun 	<ul style="list-style-type: none"> Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk Olweusarkönnun Umbótaáætlun Jákvæður agi Grenndarfræði og útikennsla Starfsandi Ánægjukönnun Starfsmannahandbók Samræmd próf Gæðagreinar Rýmingaræfingar
Vorönn	<ul style="list-style-type: none"> Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk í jan. og maí. Lykilþáttur 11 (gg.11.8) Skólapúlsinn – foreldrakönnun í febr. Skólapúlsinn – starfsmannakönnun í mars Matsfundur starfsmanna Matsfundur kennara 	<ul style="list-style-type: none"> Starfsmannasamtöl Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk í febr. og maí. Gæðagreinar 5.2 og 5.4 Símenntunaráætlun Samantekt og skýrsla Stýrihópar og ráð skila skýrslum Kennarar skila kennsluskýrslum 	<ul style="list-style-type: none"> Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk í febr. og maí. Skólapúlsinn – foreldrakönnun Skólapúlsinn – starfsmannakönnun Gæðagreinar Skýrslur ráða, stýrihóða og kennara 	<ul style="list-style-type: none"> Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk í febr. og maí. Skólapúlsinn – foreldrakönnun Skólapúlsinn – starfsmannakönnun Gæðagreinar Skýrslur ráða, stýrihóða og kennara
Maí - Júní	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla – Umbótaáætlun – Hvernig skal vinna mat á símenntunaráætlun	Sjálfsmatsskýrsla – Umbótaáætlun	Sjálfsmatsskýrsla – Umbótaáætlun

Aðgerðaráætlun fyrir skólaárið 2016 - 2017 stóðst nema að því leyti að ekki voru tekin starfsmannaviðtöl nema við þá kennara sem óskuðu eftir því. Allir starfsmenn utan kennara voru teknir í viðtöl. Helstu niðurstöður ákveðinna þátta voru kynntar starfsmönnum á starfsmannafundi í maí. Nefndin vann að öðru leyti samkvæmt aðgerðaráætluninni.

Jafnframt eru lagðar til grundvallar matinu skýrslur og vinna eftirfarandi stýrihópa og fastaráða sem eru:

- Umhverfisnefnd <http://glerarskoli.is/skolasyn/umhverfisaetlun/>
- Jákvæður agi <http://glerarskoli.is/jakvaedur-agi/>
- Olweus og eineltisáætlun <http://glerarskoli.is/skolasyn/eineltisaetlun/>
- Öryggisráð, sjá viðauka 5 og viðauka 6

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er vefkerfi sem veitir skólum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er með reglubundnum hætti um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum. Nýjar niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal. Niðurstöðurnar gefa skýrar vísbendingar um þróun mála og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu sem taka þátt í Skólapúlsi. Gerð spurningakvarða og forritun vefviðmóts hófst í byrjun árs 2008 og forprófanir fóru fram í apríl og maí það ár. Skólaárið 2008-2009 var Skólapúlsinn tekinn í notkun og nú fá þátttökuskólar reglulega upplýsingar um stöðu nemenda sinna. Grunnskólar víðs vegar á landinu eru skráðir í verkefnið en nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Í þátttökuskólunum eru spurningavagnar lagðir fyrir meirihluta allra grunnskólanemenda í þessum bekkjum.

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur Glerárskóla í fyrsta skipti á skólaárinu 2011 – 2012. Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk á hverju skólaári. Niðurstöður úr Skólapúlsi eru nýttar til umbóta í innra starfi skólans. Niðurstöðurnar eru kynntar og ræddar á starfsmannafundi að vori.

Skólapúlsinn nemendur

Nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið. Þegar svarhlutfall er lægra en 80% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda ekki tekin með í landsmeðaltalið. Svarhlutfall í Glerárskóla var 83,7%

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Virgni nemenda í skólanum				
Ánægja af lestri	5,0	103	4,9	0,1
Þrautseigja í námi	4,8	102	5,1	-0,3
Áhugi á stærðfræði	4,9	102	5,2	-0,3*
Ánægja af náttúrufræði	5,0	102	5,1	-0,1
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,5	102	5,1	-0,6*
Trú á eigin námsgetu	4,5	102	5,0	-0,5*

Í flokknum *virgni* nemenda standa nemendur Glerárskóla sig marktækt lakar í tveimur af sex þáttum miðað við þátttökuskólana. Þeir þættir eru stjörnumerktir. Þetta eru þættirnir *trú á eigin*

vinnubrögðum í námi og trú á eigin námsgetu. Þá er áhugi á stærðfræði minni en gerist og gengur.

Aðrir þættir eru aðeins lakari en þar mælist þó ekki marktækur munur.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Líðan og heilsa				
Sjálfsálit	4,6	102	5,0	-0,4*
Stjórn á eigin lífi	4,5	102	4,9	-0,4*
Vellíðan	4,6	102	4,9	-0,3*
Einelti	5,1	101	5,2	-0,1
Tíðni eineltis (%)	8,9	9/101	11,6	-2.7%
Hreyfing (%)	48,5%	48/99	41,7	6,8%*
Hollt mataræði	5,0	101	4,8	0,2

Í fjórum flokkum af sjö í flokknum *líðan og heilsa* mælist Glerárskóli marktækt lægri en þátttökuskólarnir. Nemendur Glerárskóla hafa marktækt minna *sjálfsálit* og hafa minni *stjórn á eigin lífi*. Þeim *líður* verr og *þeir hreyfa sig minna* miðað við nemendur í viðmiðunarhópi. *Einelti* mælist ívið lægra í Glerárskóla skv. könnunum Skólapúlsins miðað við þátttökuskólana. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Skóla- og bekkjarandi				
Samsömun við nemendahóp	4,7	102	5,1	-0,4*
Samband nemenda við kennara	4,7	102	5,1	-0,4*
Agi í tímum	4,3	102	5,1	-0,8*

Virk þátttaka nemenda í tímum	5,1	102	5,2	-0,1
Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,8	100	4,8	0,0

Í floknum *skóla- og bekkjarandi* mælist marktækur munur í þremur þáttum af fimm á svörum nemenda í Glerárskóla miðað við þáttökuskólana. Þetta eru þættirnir *samsömun við nemendahóp og mikilvægi heimavinnu í námi og agi í tímum*..

Mats- og umbótarskýrslur starfsfólks

Mat á gæðagreiini 14.1 - Agastefna og samskipti

Gæðagreinirinn var metinn í sjö hópum af öllu starfsfólki skólans á starfsmannafundi. 16. janúar 2017

Yfirlit gæðagreisins, þemu og viðmið um gæði má sjá hér ([setja link inn á skjal 14.1](#))

Heildareinkunnargjöf: 5, 5, 3, 5, ?, 4, 4.

Sterku hliðarnar okkar:

- Erum að gera okkar besta varðandi það að halda reglur og viðmið um samskipti og umgengni, láta öllum líða vel og sinna hverjum og einum á sínum forsendum.
- Við erum að stefna í sömu átt í jákvæðum aga. Við erum með sterkan leiðtoga sem sinnir þessu af kostgæfni.
- *Við teljum að jákvæður agi gangi betur upp í 6. bekk en fari svo allverulega að halla undan fæti þegar ofar dregur.*
- *Skilvirkt kerfi þegar eitthvað kemur uppá t.d. stefnur í eineltis- og agamálum.*
- *Samræða um málefni sem þarf að leysa.*
- Virðist ganga vel á yngsta stigi að framfylgja Jákvæðum aga.
- Við höfum trú á getu okkar til að ná árangri með verkfærum JA. Við ætlumst til góðra samskipta og hegðunar. Við erum dugleg að hrósa. Við höfum trú á að flestir geti lært góð samskipti og hegðun.
- Við erum með lausnastaði víðsvegar sem standa nemendum opnir og upplýsingar þar hvernig leysa skal málin.
- Jákvæður agi er sýnilegur, þó svo að hann mætti verða meira sýnilegur.
- Meirihluti nemenda nýtir sér jákvæðan aga.

Það sem þarf að bæta:

- Vantar meiri samvinnu frá foreldrum og aðstandendum. Foreldrar taki meiri ábyrgð á börnum sínum, tali vel um skólann heima.
- Úrræðaleyfi gagnvart erfiðum einstaklingum. Tímaleyfi og mörg verkefni önnur sem tengjast lífsleikni t.d. á unglingastigi (forvarnir).
- *Vantar alla virðingu fyrir öllu í skólanum, gengur mjög illa með virðingu og samskipti sérstaklega í efri bekkjum og það þarf að laga.*
- *Úrræðaleyfi í erfiðum málum, vantar bjargir ?*
- *Gagnkvæma virðingu vantar stundum á milli nemenda-kennara-annarra starfsmanna-foreldra.*
- *Of langt hádegishléið á yngsta stiginu-skapar vandræði og óróleika sem oft er lengi verið að vinna úr (15-20 mín.)*
- Hrósum e.t.v. of mikið og athugum ekki alltaf fyrir hvað. Þurfum að hrósa þeim meira sem yfirleitt sýna góð samskipti og hegðun. Muna eftir þeim sem sýna hina ágætu meðalhegðun. Þar eru fyrirmyndirnar. Liðsheildin ekki nógu samstíga í að framkvæma stefnu JA.
- Úrræðaleyfi gagnvart erfiðum nemendum sem ekki fara eftir fyrirmælum.

- Vantar meira samstarf og samræðu við foreldra.
- Mætti vera meira samstarf við starfsfólk í íþróttahúsi og sundlaug. Lausnastaður þar?
- Meira samstarf milli alls starfsfólks innan skólans.
- Þarf að gera rannsókn á því hvort Jákvæður agi, stefnan, er að skila þeim árangri sem ætlast er til og vinna svo út frá þeim niðurstöðum.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Leita lausna, breyta til, þróa okkur í starfi til að nám geti átt sér stað og öllum geti liðið vel
- Gagnkvæm virðing og þrautseigja. Samtakamáttur og jákvæðni.
- Virðing og vilji
- Að við stefnum öll í sömu átt hvað varðar aga, virðingu og lausnir.
- Að allir séu samstíga um að nýta grunnverkfæri JA. Allir eiga að þekkja grunnhugtökin svo allir geti unnið út frá þeim.
- Það vantar úrræði til að taka á erfiðum nemendum, sem ítrekað fara ekki eftir fyrirmælum og skemma fyrir öðrum nemendum.

Tillögur um aðgerðir:

- Efla teymisvinnu þar sem áherslan er á faglega umræðu.
- Leita úrræða vegna erfiðustu tilfellanna.
- Halda áfram, halda okkur við efnið, rifja upp verkefni og verkfæri. Hugleiða tenginguna við Olweusarverkefnið.
- Bæta samvinnu starfsfólks og að við vinnum öll eins.
- Við erum að gera allt sem við getum en vantar meiri peninga fyrir úrlausnir varðandi erfiðustu tilfelli.

Umbótaáætlun gg, 14.1 - Jákvæður agi og samskipti

Markmið með umbótum:

- Gera Jákvæðan aga sýnilegri og að allt starfsfólk vinni markvisst með JA.

Hvernig vitum við að því er náð:

- með gæðagreinum

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn
Úrræði gagnvart erfiðum einstaklingum	Allt starfsfólk	Sífelld í vinnslu	Sveigjanleika stjórnenda og starfsfólks vegna úrræða Hugmyndavinna að úrræðum	Með gæðagreini
Gagnkvæm virðing milli nemenda, starfsfólks og foreldra	All starfsfólk	Sífelld í vinnslu	Sveigjanleika þeirra sem koma að málum Jákvætt viðhorf allra Vinna markvisst með JA	Með gæðagreini
Virðing og umgegni	Allir, nemendur og starfsfólk	Sífelld í vinnslu	Vinna markvisst með JA Við þurfum öll að skipta okkur af og benda á það sem betur má fara	Með gæðagreini
Samstarf og samræða við foreldra	Starfsfólk og foreldrar	Sífelld í vinnslu	Jákvæðni Upplýsingagjöf Endurgjöf	Með gæðagreini
Liðsheild	Allt starfsfólk	Sífelld í vinnslu	Vinna markvisst með JA, allir og hjálpast að við það	Með gæðagreini

Mat á gæðagreini 5.2 - Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Gæðagreinirinn var metinn á stígunum þ.e. af þremur hópum dagana 10. og 17. maí.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá í viðauka 1

Heildareinkunnargjöf: 5, 4, 3.

Sterku hliðarnar okkar:

- Hugum vel að námi nemenda, vikulegar kennsluáætlanir, sveigjanleiki, góðvild og festa. Erum orðin gömul og reynslumikil!
- Góð stöðvavinna hjá mörgum.
- Erum yfirhöfuð dugleg að vinna með JA.
- Kostur þegar námshóparnir eru litlir.
- Við leitumst við að leggja fyrir nemendur okkar fjölbreytt og áhugaverð verkefni og gerum þeim grein fyrir tilgangi þeirra.
- Við reynum alltaf okkar besta „og aðeins betur ef það er það sem þarf.“ Við erum í þróunarstarfi og við erum nokkuð komin á veg að vinna samkvæmt nýrri námskrá. Við gerum okkur grein fyrir veikum hliðum og stefnum á bót á þeim.

Það sem þarf að bæta:

- Mættum sinna bráðgerum nemendum betur, t.d. gera einstaklingsnámskrár fyrir þá líka.
- Ókostur þegar námshóparnir eru stórir.
- Mættum vera duglegri að miðla á milli og nýta styrkleika hvers annars
Eigum erfitt með að virkja nemendur og gera þá ábyrga fyrir eigin námi.
- Við erum ekki alveg nógu samstíga í markvissum vinnubrögðum og ekki nógu lausnamiðuð í leit að úrbótum.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Halda áfram að vera hvetjandi fyrir nemendur okkar og efla sjálfstraust þeirra.
Líðan og árangur nemenda okkar.

Tillögur til aðgerða:

- Skoða veiku hliðarnar og samstillast okkur um úrlausn á þeim. Reyna að stilla okkur saman og stefna áfram. „Allir saman nú, 1,2,3,,“ já við ætlum að vera svo ósköp þæg og góð.

Umbótaáætlun gg, 5.2 - Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn
Skoða stærð námshópa	Skólastjórnendur	Haust 2017	Tíma og fjármagn	Með samræðu
Námskrá fyrir bráðgera nemendur	Umsjónarkennarar	Haust 2017	Tíma og frumkvæði	Með hæfnimiðuðu námsmati
Miðlun milli kennara-styrkleikar hvers og eins nýttir	Kennarar	Vor 2018	Samvinnu kennara	Með samræðu
Gera nemendur ábyrgari fyrir eigin námi	Kennarar og skólastjórnendur	Vor 2018	Tíma, samvinnu og frumkvæði	Með samræðu
Vera lausna-miðaðri og samstíga í vinnubrögðum	Kennarar og skólastjórnendur	Vor 2018	Tíma, samvinnu og frumkvæði	Með samræðu

Mat á gæðagreini 5.4 - Mat í þágu náms/leiðsagnarmat

Gæðagreinirinn var metinn á stígunum þ.e. af þremur hópum dagana 10. og 17. maí.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá í viðauka 2

Heildareinkunnargjöf: 4, 4, 3.

Sterku hliðarnar okkar:

- Hugum vel að námi nemenda, vikulegar kennsluáætlanir, sveigjanleiki, góðvild og festa. Erum orðin gömul og reynslumikil!
- Kostur þegar námshóparnir eru litlir.
- Við mætum nemendum þar sem þeir eru staddir
- „Við gerum okkar, gerum okkar, gerum okkar, gerum okkar besta“....

Það sem þarf að bæta:

- Mættum sinna bráðgerum nemendum betur, t.d. gera einstaklingsnámskrár fyrir þá líka.
- Ókostur þegar námshóparnir eru stórir.
- Mættum vera duglegri að miðla á milli og nýta styrkleika hvers annars.
- Vantar betri þekkingu og þjálfun í notkun á leiðsagnarmati.
- Höfum ekki næg tækifæri til að ræða einstaklingslega við nemendur um framvindu náms þeirra.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Dýpka það sem fyrir er. Fá námskeið í leiðsagnarmati.
- Að auka ábyrgð nemenda á eigin námi

Tillögur til aðgerða:

„Láta hendur standa fram úr ermum“ og læra leiðsagnarmat, „ekki þras, bíðum ekki með hendur í skauti og ef á móti blæs þá eigum við við því svar, bara gerum betur, gerum betur. Harkan 6 er það sem koma skal.“

Umbótaáætlun gg, 5.4 - Kennsla sem leiðir til árangursríks námi

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn
Fá námskeið í leiðsagnarmati	Stjórnendur	Vor 2018	Hafa samband við MSHA	Með gg
Námskrá fyrir bráðgera	Kennarar	Haust 2017	Vilja og samvinnu kennara	
Miðla og nýta styrkleika hvers annars	Kennarar og stjórnendur	Vor 2018	Vilja og samstarf	Með gg

Mat á Gæðagreini 11.8 – Árshátíð

Ákveðið var að leggja fyrir gæðagreini 11.8 aftur þar sem niðurstöður hans frá síðasta skólaári nýttust okkur sérlega vel við undirbúning árshátíðar í ár.

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn í 7 hópum af öllu starfsfólki skólans á starfsmannafundi. 03. maí 2017.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá í viðauka 3

Heildareinkunnargjöf: 5, 5, 6, 6, 6, 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Gott skipulag – allt í föstum skorðum - rúttína
- Góðir gátlistar til varðandi framkvæmd árshátíðar. Starfsfólk orðið sjáað í þessu. Formið á árshátíðinni er gott og fólk hjálpast að.
- Hefðin og hátíðleikinn auk þess sem samheldni starfsfólks og nemenda er til fyrirmyndar. Allir hafa hlutverk.
- Árshátíðarkaffi glæsilegt, gengur smurt og flott, liðsheildin góð.
- Hefðin, hlutverk liggja skýrt fyrir. Gengur smurt fyrir sig
- Heilt yfir gekk árshátíðin mjög vel með smávægilegum hnökrum.
- Ballið hjá eldri nemendum gekk einnig vel og krakkarnir ánægðir með aðsókn nemenda úr öðrum skólum.
- Minna rót á göngum.

- Við höfum mikið af sterkum hefðum sem eru hér og ekki í neinum öðrum skólum.
- Hefðirnar gera það að verki að starfsfólki gengur í störf og lítið er um hnökra. Samvinnan því frábær.

Það sem þarf að bæta:

- Allt tókst vel
- Óljós námsmarkmið hjá nemendum. Vantar góðan samkomusal í skólann svo æfingar geti hafist fyrr. Hljóðverið er ekki hentugt vegna loftleysis.
- Sjáum fyrir okkur að samkomusalur mundi gera góða árs hátíð enn betri.
- Muna að vera sveigjanleg svo allt gangi upp.
- Þurfum að vera harðari á því að fólk komi ekki með kornabörn á sýningar. Sjá þarf til þess að allir starfsmenn geti séð sýningarnar... vegna þess að það er ekki ætlast til þess að starfsfólk horfi á þegar það er á vakt. Spurning hvort hægt sé að skipuleggja aðkomu gesta að kökuhlaðborði á annan hátt svo það gangi fljótar fyrir sig.
- Má bæta hljóð á sýningum.
- Aðstöðuleysið. Okkur vantar sal. Íþróttir eru teknar af nemendum, þeir þyrftu einmitt þá að fá útrás akkúrat þá.
- Göngum illa um búningageymsluna
- Þeir kennarar sem eru með atriði á árs hátíð þurfa að hafa það í huga að skipuleggja sig vel og passa upp á að trufla ekki kennslu hjá öðrum kennurum. Hægt er að hafa samband og biðja um aðstoð með tölvupósti. Tækla málin í tíma.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Viðhalda metnaðinum
- Að við getum verið stolt af árs hátíðinni okkar og að allir séu glaðir.
